

Nd.

587. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 93 28. des. 1946, um bráðabirgðafjárgreiðslur á árinu 1947.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Síðari mgr. 1. gr. laganna skal orða svo:

Heimild þessi gildir þó eigi lengur en til 1. maí 1947.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 14 28. febr. 1947.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að ósk fjármálaráðherra, og fylgdi því svolátandi greinargerð:
Sýnt er, að afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár getur ekki orðið lokið fyrir 1. apríl, og ber því nauðsyn til þess að framlengja enn heimild þá til bráðabirgðafjárgreiðslna framan af árinu, er ríkisstjórninni var veitt með lögum nr. 93/1946 og lögum nr. 14/1947.